

HLUTHAFAFUNDUR VÁTRYGGINGAFÉLAGS ÍSLANDS HF.

Miðvikudaginn 27. júní 2018 kl. 16.00
í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3

Endanleg dagskrá fundarins frá stjórn:

1. Tillaga að stefnu um fjármagnsskipan félagsins.
2. Tillaga að lækkun hlutfjár með greiðslu til hluthafa að fjárhæð kr. 1.800.000.000 með afhendingu hlutabréfa í Kvikubanka hf.
3. Önnur mál löglega upp borin.

Tillaga stjórnar að stefnu um fjármagnsskipan félagsins:

„Hluthafafundur VÍS, haldinn 27. júní 2018, samþykkir stefnu um fjármagnsskipan félagsins þannig að eiginfjárlutfall félagsins verði á bilinu 25-28% eftir þrjú til fimm ár og samhliða verði dregið úr markaðsáhættu félagsins. Skal stjórn miða við að forsendur fyrir lækkun eigin fjár á hverjum tíma séu að sjálfbærni félagsins til framtíðar sé tryggð og að meðal annars verði litið til að (a) samsett hlutfall félagsins síðustu 12 mánuði sé undir 99%, (b) gjaldþolshlutfall félagsins haldist innan skilgreinds áhættuvilja stjórnar sem nú er á bilinu 1,35 – 1,70, (c) lausafjárstaða verði áfram sterk og (d) dregið verði úr markaðsáhættu.

Greinargerð stjórnar:

Bakgrunnur tillögunnar er að þann 9. maí sl. samþykkti stjórn félagsins að stefna að breytingum á fjármagnsskipan félagsins, þannig að hún yrði í takt við það sem þekktist hjá tryggingafélögum á hinum Norðurlöndunum. Var ákvörðun félagsins tilkynnt til kauphallar og í tilkynningunni kom m.a. fram að gangi áætlanir félagsins eftir verði eiginfjárlutfall félagsins á bilinu 25-28% eftir þrjú til fimm ár og dregið yrði samhliða úr markaðsáhættu félagsins. Enn fremur kom fram í tilkynningunni að greining stjórnar og stjórnenda á norrænum tryggingafélögum hefði leitt í ljós að talsverður munur væri á fjármagnsskipan íslenskra tryggingafélaga og þeirra norrænu og að þau síðarnefndu byggju almennt yfir minni áhættu í rekstri og eignasafni, eigið fé þeirra væri lægra og gjaldþolshlutfall hærra. Þá kom fram í tilkynningunni að stjórn félagsins legði áherslu á að forsendur fyrir lækkun eigin fjár á hverjum tíma væru að sjálfbærni félagsins til framtíðar yrði tryggð og myndi meðal annars vera litið til eftirfarandi þátta:

- Samsett hlutfall félagsins síðustu 12 mánuði verði undir 99%.
- Gjaldþolshlutfall félagsins haldist innan skilgreinds áhættuvilja stjórnar sem nú er á bilinu 1,35 til 1,70.
- Lausafjárstaða félagsins verði áfram sterk.
- Dregið verði úr markaðsáhættu.

Auk framangreinds kom fram í tilkynningunni að stjórn áformaði í tengslum við framangreint að boða til hluthafafundar fyrir lok annars ársfjórðungs 2018, sem hefur nú verið gert.

Það er enn trú stjórnar og stjórnenda félagsins að þessar breytingar á fjármagnsskipan muni skapa tryggingartökum, og ekki síður hluthöfum, öruggara og hefðbundnara tryggingafélag með minni áhættu í eignasafni sínu. VÍS stefnir með þessu að því að aðgreina sig frá hinum íslensku tryggingafélögum sem áhættuminni fjárfestingarkostur.

Stjórn félagsins telur mikilvægt að leggja framangreinda tillögu fyrir hluthafafund sem lið í þeirri vegferð félagsins sem mörkuð var með fyrrnefndri ákvörðun stjórnar þann 9. maí sl.

Tillaga stjórnar um hlutafjárلækkun í félaginu er svohljóðandi:

„Hluthafafundur VÍS, haldinn 27. júní 2018, samþykkir að hlutafé félagsins verði lækkað á grundvelli 2. tl. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, með greiðslu til hluthafa að fjárhæð kr. 1.800.000.000, og verður lækkunin greidd með afhendingu hlutabréfa í Kviku banka hf. Fjöldi hlutabréfa í Kviku banka hf. sem afhent verða hluthöfum á greiðsludegi skal miða við meðalverð viðskipta með hlutabréf í Kviku banka hf. síðustu fimm viðskiptadaga fyrir greiðsludag hlutafjárلækkunarinnar. Tillagan er samþykkt með fyrirvara um (1) samþykki Fjármálaeftirlitsins sbr. kröfur reglugerðar ESB nr. 2015/35, sbr. 51. gr. reglugerðar nr. 585/2017, (2) að fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra veiti félaginu undanþágu frá innköllunarskyldu, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög og (3) að lögboðnum forsendum sé að öðru leyti fullnægt.

Lækkunin verður að nafnverði kr. 250.000.000 eða sem nemur 250.000.000 hlutum í VÍS. Lækkunarfjárhæð sem er umfram nafnverð, eða kr. 1.550.000.000, mun verða færð til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé félagsins.

Að því tilskildu að fyrirvörum hlutafjárلækkunarinnar verði fullnægt, skal greiðsla til hluthafa innt af hendi svo fljótt sem auðið er, en aldrei fyrr en sjö viðskiptadögum eftir að fyrirvörum er fullnægt. Skal félagið þá senda tilkynningu til kauphallar og upplýsa nánar um framkvæmd lækkunarinnar, þ.m.t. um greiðsludag. Við útgreiðslu til hluthafa skal miða við hlutaskrá félagsins í lok viðskiptadags fimm viðskiptadögum fyrir greiðsludag.

Útgreiðsla hlutafjárلækkunarinnar er skilyrt við að fjöldi hlutabréfa í Kviku banka hf., sem þarf til útgreiðslu hlutafjárلækkunarinnar, fari ekki umfram 300.000.000 hluti en sé skilyrðinu ekki fullnægt skal fallið frá hlutafjárلækkun.“

Greinargerð stjórnar:

Stjórn VÍS leggur fyrir hluthafafund tillögu um að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 250.000.000 að nafnverði, eða sem nemur 250.000.000 hlutum, og að kr. 1.800.000.000 verði greiddar til hluthafa með afhendingu hlutabréfa í Kviku banka hf. Sú fjárhæð sem er umfram lækkun nafnverðs, eða kr. 1.550.000.000 verður færð til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé félagsins. Verði tillagan samþykkt lækkar nafnverð hlutafjár félagsins úr kr. 2.202.642.307 í kr. 1.952.642.307 og breytist því 3. gr. samþykktu félagsins til samræmis.

Tillagan er liður í stefnu um fjármagnsskipan félagsins, sbr. tillögu stjórnar sem er að finna í fyrsta dagskrárlið fundarins og vísast til greinargerðar stjórnar um þá tillögu.

Í tillögunni felst sem áður segir að kr. 1.800.000.000 verði greiddar til hluthafa og að lækkunarfjárhæðin verði greidd í formi hlutabréfa í Kviku banka hf. Endanlegur fjöldi hlutabréfa í Kviku banka hf. sem hluthafar fá afhent, verði tillagan samþykkt, veltur á meðalverði hlutabréfa í bankanum síðustu 5 viðskiptadaga fyrir greiðsludag hlutafjárلækkunarinnar. Þar sem fyrirvari er gerður um samþykki Fjármálaeftirlitsins og að fyrirtækjaskrá veiti undanþágu frá innköllunarskyldu, felur tillagan ekki í sér ákveðinn greiðsludag en tillagan er skýr um að greiðsla skuli innt af hendi svo fljótt sem auðið er eftir að fyrirvörum er fullnægt. Þá kemur fram í tillögunni að þegar fyrirvörum hefur verið fullnægt skuli það tilkynnt til kauphallar og fyrirhugað er að í þeirri tilkynningu muni greiðsludagur, X-dagur og viðmiðunardagur vera tilgreindir, auk áréttingar um hvenær síðasti viðskiptadagur með réttindum til útgreiðslu vegna lækkunar hlutafjár er. Þá kemur fram í

tillögunni að við útgreiðslu til hluthafa skal miða við hlutaskrá félagsins í lok viðskiptadags fimm viðskiptadögum fyrir greiðsludag.

Stjórn félagsins er kunnugt um að verði tillagan samþykkt munu einstakir smærri hluthafar í félaginu eignast mjög fá hlutabréf í Kviku banka hf. Með það að markmiði að koma til móts við þessa stöðu hefur stjórn ákveðið að bjóðast til þess að kaupa allt að 2.000 hluti af afhentum hlutum í Kviku banka hf. af hverjum hluthafa, sem þess óskar á skráðu markaðsgengi Kviku banka hf. Mun hver hluthafi félagsins sem fær afhent hlutabréf í Kviku banka hf. vegna hlutfjárækkunarinnar geta leitað til félagsins í tvær vikur frá greiðsludegi hlutfjárækkunarinnar varðandi slíka sölu og er áhugasömum hluthöfum bent á að hafa samband í gegnum fjarfestatengsl@vis.is.

Komi til þess að hluthafi hafi ekki áhuga á að eiga afhenta hluti í Kviku banka hf. umfram ofangreint þá mun VÍS leggja sig fram við að aðstoða hluthafa VÍS við að selja afhenta hluti í Kviku banka hf. og viðkomandi bent á að hafa samband í gegnum fjarfestatengsl@vis.is.

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá hluthafundar og leggja fram ályktunartillögur ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en kl. 16:00 mánudaginn 18. júní 2018. Hægt er að senda tillögur fyrir fundinn á netfangið stjorn@vis.is. Hafi hluthafi krafist þess að fá mál tekið til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögur á tímabilinu 6. júní – 18. júní 2018, verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir hluthafafundinn. Hluthafar geta lagt fram spurningar fyrir hluthafafund á stjorn@vis.is eða á hluthafafundinum sjálfum.

Einungis ef krafa kemur frá einhverjum fundarmanna verða atkvæðagreiðslur á hluthafafundi skriflegar. Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthafar geta óskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda til sín og skal skrifleg beiðni þar um hafa borist til höfuðstöðva félagsins a.m.k. fimm dögum fyrir auglýstan hluthafafund. Einnig geta hluthafar vitjað atkvæðaseðla sinna í höfuðstöðvum félagsins frá sama tíma eða greitt þar atkvæði. Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hlutaskrárkerfi félagsins þegar hluthafafundur fer fram geta beitt réttindum sínum á hluthafafundi. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthafar munu geta fylgst með fundinum með rafrænum hætti en hluthafar þurfa að sækja um aðgang hjá félaginu eigi síðar en kl. 12:00 á hádegi miðvikudaginn 27. júní 2018 til þess að nýta sér þessa lausn með því að senda póst á fjarfestatengsl@vis.is. Hluthafar geta valið milli þess að fylgjast með fundinum á íslensku eða með enskum túlki. Tekið skal fram að slíkt rafrænt áhorf jafngildir ekki mætingu á fundinn og veitir því ekki rétt til þátttöku í fundinum að öðru leyti, þ.m.t. atkvæðagreiðslum. Þeir hluthafar sem hyggjast neyta atkvæðaréttar síns á fundinum eru því hvattir til að mæta á fundinn eða láta umboðsmann sinn sækja fundinn fyrir sína hönd. Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Fundargögn verða afhent á fundarstað og eru þau á íslensku og ensku en hluthafafundurinn fer fram á íslensku.

Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa og annað sem varðar hluthafafundinn, svo sem eyðublöð og slíkt, mun vera að finna á vefsíðu félagsins: www.vis.is/fjarfestar, eigi síðar en 21 dag fyrir hluthafafundinn.

Reykjavík, 6. júní 2018.
Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf.